

Börn sem aðstandendur - verkferill Veikindi foreldris




Heilbrigðisstarfsmaður kannar hvort skjólstæðingur eigi barn undir 18 ára

Verði heilbrigðisstarfsmaður á heilsugæslu þess áskynja að foreldri með geð-, fíkní-, eða illvígán sjúkdóm eigi barn undir 18 ára aldri skal heilbrigðisstarfsmaður sjá til þess eins fljótt og unnt er að tengiliður barns sé virkjaður. Rætt verði við foreldri/forráðamann um rétt og stöðu barnsins vegna veikinda foreldris og samþykki fengið fyrir samþættingu þjónustu ef við á..




Samtal við barn og foreldri

Heilbrigðisstarfsmaður ræðir við foreldri og kannar stöðu barns og fjölskyldunnar vegna veikinda foreldris. Gefa skal barni kost á að tjá sig í samræmi við aldur þess og þroska og taka skal réttmætt tillit til skoðana þess.



Stuðningur við barn

Heilbrigðisstarfsmaður kannar þarfir barns fyrir stuðning. Telji hann að barnið þurfi frekari þjónustu skal hann aðstoða við að finna viðeigandi úrræði í samráði við forsjáraðila.



Stuðningur við forsjáraðila

Þegar um er að ræða veikindi foreldris ber heilsugæslunni að bjóða forsjáraðila barns reglubundin viðtöl við heilbrigðisstarfsmann. Markmið þeirra viðtala er aðstoð við að styðja barnið og treysta velferð þess



Skóli barnsins

Heilbrigðisstarfsmaður skal hafa samband við skóla barnsins og virkja tengilið barnsins þar til að tryggja stuðning og eftirfylgd við barnið - þetta á við hvort sem barn er í leik- grunn- eða framhaldsskóla



Réttur barns

Veita skal upplýsingar um [lagalegan rétt barns til umgengni](#) við nána vandamenn þess foreldris sem glímur við alvarleg veikindi